

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 13. tbl. 9. árg. 19. október 2015


Myndir augnabliksins eru frá fjölgreindardegi í Oddeyrarskóla.



## Fjölmenningsvika á Tröllaborgum.

Síðasta vika var tileinkuð þeim börnum í leikskólanum sem eru af erlendu bergi brotin. Á dagskránni er að finna löndin þeirra á landakortum, skoða bækur og myndir, smakka framamdi mat, hlusta á tónlist og læra söngva og annað fleira sem gefur innsýn í ólíka menningarheima. Markmiðið með þessum dögum er að börnin læri að bera virðingu fyrir öðrum óháð menningu, uppruna eða tungu. Löndin sem unnið er með að þessu sinni eru Kanada, Bandaríkin, Tansanía, Kína, Pólland og Serbía. Börnin hafa komið með hluti heimanað frá sér sem tengjast landinu þeirra á einhvern hátt og hafa þeir vakið mikla athygli. Hér má sjá skemmtilegar myndir og hægt er að skoða meira um verkefnið á heimasíðu leikskólans:

<http://trollaborgir.is/>



## Matseðlar skólamötuneyta yfirfarnir.

Nú á haustdögum hafa Guðrún Adólfsdóttir frá Sýni, Ágústína Haraldsdóttir matráður á Lundarseli, Íris Svavarsdóttir matráður í Glerárskóla og Ólöf Ingólfssdóttir matráður á Krógbóli unnið við að yfirfara og bæta við uppskriftum í matseðla leik- og grunnskóla. Alls var bætt við 10 uppskriftum svo nú hafa matráðar alls úr yfir 40 uppskriftum að velja þegar þeir setja saman matseðla skólanna.

Teknar hafa verið saman tölur um hversu margir nemendur grunnskóla nýta sér skólamötuneyti. Nýtingin fer stígvaxandi og nú eru um 86% nemenda grunnskóla sem nýta sér það að borða heitan og góðan mat í hádeginu.

## Gullskórinn í Brekkuskóla.

Undanfarinn mánuð hafa nemendur Brekkuskóla tekið þátt í átakinu Göngum í skólann. Markmið verkefnisins er að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni. Ein einfaldasta leiðin til að auka hreyfingu í daglegu lífi er að velja virkan ferðamáta s.s. göngu, hjólréiðar, hlaup, línuskauta og hjólabretti. Ávinningurinn er ekki aðeins bundinn við andlega og líkamlega velliðan heldur er þetta einnig umhverfisvæn og hagkvæm leið til að komast á milli staða.

Á síðasta ári tóku milljónir barna í yfir 40 löndum víðs vegar um heiminn þátt í Göngum í skólann með einum eða öðrum hætti. Hér á landi voru 65 skólar skráðir til leiks og hefur þátttakan vaxið jafnt og þétt gegnum árin, en fyrsta árið voru þátttökuskólarnir 26.

Að Göngum í skólann verkefninu standa Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Samgöngustofa, Embætti Landlæknis, Ríkislögreglustjóri, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Heimili og skóli og Slysavarnarfélagið Landsbjörg.

Í vetur fór átakið af stað 9. september. Þann 9. október var ljóst að vinningshafar Brekkuskóla voru nemendur 7. BG en þeir nemendur komu gangandi í skólann alla dagana sem verkefnið var í gangi.



Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hríssey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Ný heimasíða Lundarsels.

Leikskólinn Lundarsel tók nýlega í notkun nýja heimasíðu. Á síðunni má m.a. finna þennan fróðleik um skólann:

Leikskólinn Lundarsel er rekinn af Akureyrarbæ.

Starfsemi leikskólans hófst 1. júlí 1979. Arkitektar voru Guðmundur Kr. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson.

Í fyrstu var leikskólinn tvær deildir en í júní 1996 var hafist handa við gerð þriðju deildarinnar. Árið 2000-2001 urðu miklar breytingar á húsnæði leikskólans, kjallarinn var að hluta tekinn fyrir starfsmannaáðstöðu, salurinn var stækkaður um helming auk þess sem fleiri breytingar voru gerðar til að húsnæðið yrði sem hentugast fyrir leikskólann. Ný deild, Lundi tók til starfa haustið 2013, deildin er staðsett í tveimur lausun kennslustofum sem settar voru norðan við Lundarsel.



- Fyrsti leikskólastjóri Lundarsels var Ragnheiður Ólafsdóttir og starfaði hún í 3 ár.
- Næsti leikskólastjóri var Erla Böðvarsdóttir og starfaði hún 17 ár.
- Þá tók næst við Örn Arnarson og starfaði hann í 2 ár sem leikskólastjóri.
- Núverandi leikskólastjóri er Björg Sigurvinsdóttir.

Í dag eru 89 rými og 90 börn í leikskólanum. Deildirnar eru aldurskiptar:

- Kríudeild er fyrir 2ja - 3ja ára börn
- Bangsadeild er fyrir 3ja - 5 ára börn
- Kisudeild er fyrir 3ja - 5 ára börn
- Lundadeild er fyrir 4ra - 6 ára börn.

Á öllum deildum er sveigjanlegur vistunartími og geta foreldrar valið um vistun í 4 til 8 tíma auk 15 mínútna fyrir og eða eftir klst. Allar deildir eru opnar frá 07:45-16:15.

Sjá nánar á: <http://lundarsel.is>

## Tónlistarskólinn á Akureyri.

Föstudaginn 16. október fékk Tónlistarskólinn góða heimsókn, en það var hún Gréta Salóme fiðluleikari og söngkona sem heimsótti skólann og spilaði með nokkrum fiðlunemendum. Svona heimsóknir eru mjög hvetjandi fyrir nemendur og var mikil einbeiting og gleði í gangi hjá nemendum sem tóku þátt.

Haustfrí.

Dagana 23. til 26. október er haustfrí í skólanum. Þetta er í samræmi við haustfrí í grunnskólum bæjarins.



## Glerárskóli og Erasmus+ styrkur.

Glerárskóli sótti síðastliðið vor um að vera þátttakandi í Erasmus+ verkefni ásamt 6 öðrum löndum. Erasmus+ er verkefni á vegum Evrópu-sambandsins og var áður kallað Comeniusarverkefni. Svo skemmtilega vildi til að styrkumsóknin var samþykkt og er því að fara af stað verkefni til tveggja ára sem nefnist: „United We Play, United We Win: Developing Social Skills and Inclusive Education through Sport and Outdoor Activities” Löndin sem taka þátt í verkefninu með skólanum eru: [Ítalía](#), [Spánn](#), [Tyrkland](#), [Rúmenía](#), [Búlgaría](#) og [Litháen](#).

Í skólanum starfar stýrihópur sem heldur utan um framkvæmd verkefnisins og í honum sitja: Guðríður Sigurðardóttir verkefnisstjóri Erasmus+ verkefnisins, Helga Halldórsdóttir deildarstjóri, Björk Pálmadóttir kennari og Birna Baldursdóttir iðjuþjálfari.

Glæsilegur árangur hjá skólanum og verður gaman að vinna að verkefninu með nemendum, forráðamönnum og starfsfólki.

Á meðfylgjandi link má sjá frétt frá undirritun samningsins vegna styrksins.

<http://www.erasmusplus.is/um/frettir/skrifad-undir-samninga-vid-13-skola-upp-a-taepar-50-milljonir-krona>

## Haustfrí grunnskólanna.

Föstudaginn 23. október og mánudaginn 26. október eru haustfrí hjá grunnskólum bæjarins, þá er upplagt að njóta tímans með fjölskyldunni. Á Akureyri er hægt að njóta tímans á fjölbreyttum útivistarsvæðum, heimsækja söfn og sýningar, fara í sund og fleira. [Hérna](#) eru nokkrar skemmtilegar hugmyndir fyrir haustfríð.